

Greining á vanda og mat

E-708-GRMA



Ár: 1. ár

Önn: Vorönn.

Tegund námskeiðs: Skylda.

Undanfarar: E-702-SIFA og E-706-HULO

Kennari: Anna Ingeborg Pétursdóttir.

Lýsing: Í þessu námskeiði eru kannaðar aðferðir við að skoða, skilgreina aðgerðabundið og mæla hegðun, og við að gera hagnýtt virknimat og greiningu á atferli sem verður grundvöllur fyrir áætlun um íhlutun í margs konar umhverfi, þ.m.t. heimili, skólar og lækningastofur. Nemendur takast á við greiningu vandamála og læra þannig að yfirfara skrár og fáanleg gögn (þ.m.t. auðkennisgögn skjólstæðinga, upplýsingar um tilvísanir, greining vandamála, matskvarðar fyrir atferli, gátlistar, viðtöl); íhuga líffræðilegar breytur sem kunna að hafa áhrif á hegðun; gera bráðabirgðamat til að finna og skilgreina aðgerðabundið vanda við tilvísun og annað eins og á við; útskýra hugmyndir um atferli á máli leikmanna; lýsa og skýra atferli, þ.m.t. innri hegðun með hugtökum atferlisgreiningar (ekki með hugtökum hughyggju); veita þjónustu á sviði atferlisgreiningar í samvinnu við aðra sem styðja og/eða veita þjónustu til skjólstæðinga; starfa innan takmarka eigin faglegrar hæfni við hagnýta atferlisgreiningu og fá ráðgjöf, leiðsögn, þjálfun eða nota tilvísun eins og þörf krefur; og bera kennsl á viðeigandi umhverfisleg áhrif og stuðla að breytingum sem minnka þörfina fyrir þjónustu á sviði atferlisgreiningar. Nemendur læra einnig að velja: mælingarkerfi til að afla dæmigerðra gagna miðað við víddir hegðunarinnar og þá vinnu sem felst í athugun og skráningu; áætlun um tímabil athugunar og skráningar; gagnabirtingu sem kemur til skila megindegjum tengslum með áhrifaríkum hætti; og að meta: breytingar á stigi, leitni og breytileika hegðunar; og tengsl milli breyta í tíma sem unnið er með (innan og milli lota, tímaraða). Við framkvæmd mats læra nemendur að skilgreina atferli með notkun mælanlegra hugtaka; skilgreina umhverfisbreytur með notkun mælanlegra hugtaka; hanna einstaklingsbundnar aðferðir við mat á atferli; hanna mælingu á fyrirbyggjandi tengslum milli atferlis og umhverfis; hanna matsaðferðir sem breyta aðdraganda og afleiðingum í umhverfinu; skipuleggja, greina og túlka mæld gögn; gera tillögur um hegðun sem verður að koma á, viðhalda, auka eða minnka; finna hvata (mat á valkostum, athuganir); meta styrki og endurtaka mat á grundvelli áframhaldandi gagnagreiningar.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

- notað gögn til að gera virknimat og greiningu
- skilgreint félagslega mikilvægar niðurstöður sem bæta líf þeirra sem hafa notið íhlutunar á sviði atferlisgreiningar

- skilgreint kerfisbundið skammtíma- og langtímaniðurstöður atferlisbreytinga sem eru persónulega og félagslega viðeigandi og skiljanlegar móttakendum

Námsmat: Gerð er krafa um að nemendur taki þátt í les- og umræðuverkefnum í kennslustofu og eru nemendur metnir á grundvelli skriflegra verkefna og lokaprófs.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 4